

3a.* Svæðisstjóri (ZC)

1. Almenn lýsing

Hlutverk svæðisstjóra er að hvetja klubbana, vera ráðgjafi og tengiliður milli umdæmisstjórnar og klúbba.

2. Helstu verkefni

- Hann skal sækja síðari hluta svæðisstjóraskóla að hausti.
- Kynna sér upplýsingar um embættið á vef Lionshreyfingarinnar.
- Aðstoða umdæmisstjóra við að skipuleggja heimsóknir til klúbba og fara með honum í heimsóknir ef þess er óskað.
- Finna varasvæðisstjóra í samstarfi við formenn klúbba á viðkomandi svæði, áður en starfsár hefst. Varasvæðisstjóri gegnir hlutverki svæðisritara. Klúbbar skulu skipta með sér starfi svæðisstjóra.
- Á fyrsta svæðisfundum skal hann kynna fræðsluefni og námskeið sem í boði eru.
- Aðstoða klúbba við að skiptast á hugmyndum um dagskrár, verkefni og fjáraflanir.
- Heimsækja alla klúbba á svæðinu (hitta stjórnir klúbba) í byrjun starfsárs (fyrstu 2 – 3 mán.)
- Aðstoða klúbba í vanda og við stofnun nýrra klúbba á svæðinu.
- Fylgjast með Lionsfélögum sem hætta í klúbbum á svæðinu og koma upplýsingunum áfram til Lionsskrifstofunnar og umdæmisstjóra. Vinna gegn brottfalli á sínu svæði.
- Vinna með öllum fulltrúum í umdæmistjórn við að kynna verkefni Alþjóðahreyfingar Lions fyrir klúbbum svæðisins.
- Mæta á umdæmisstjórnarfundi og aðra fundi skv. lögum umdæmisins.

3. Sérstök verkefni

- Halda a.m.k. 3 svæðisfundum á starfsárinu og stjórna þeim.
 - 1. svæðisfundur sé haldinn fyrir 2. umdæmisfund, ár hvert.
 - 2. svæðisfundur sé haldinn fyrir 3. umdæmisfund, ár hvert.
 - 3. svæðisfundur sé haldinn fyrir 4. umdæmisfund, ár hvert.
- Fundina skal boða með góðum fyrirvara. Nánari upplýsingar er að finna í handbók svæðisstjóra.

4. Skýrsluskil

- Svæðisstjóri sér um að klúbbar skili inn þeim gögnum sem óskað er eftir, til umdæmisstjóra, þar á meðal skýrslu Lionsklúbbs til svæðisstjóra og ársskýrslum í lok starfsárs.

Svæðisstjóri skilar skýrslu um stöðu klúbba og starfið á svæðinu til umdæmisstjórnar.

5. Frekari upplýsingar

- Skilyrði: Þarf að hafa verið klúbbsformaður.
- Starfsheiti á ensku: Zone Chairperson.
- Á alþjóðavef Lions er að finna margs konar efni og upplýsingar um embættið:
Zone Chairperson Manual: <https://lionsclubs.org>